

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 91 20. júlí 1948, um söluskatt.

9
20. jan.

1. gr.

Ákvörðun skattstjórans í Reykjavík um fjárhæð söluskatts í Reykjavík 4. misseri ársins 1948 skal tilkynnt skattgreiðanda með ábyrgðarbréfi, sem skal póstlagt í síðasta lagi 15. febrúar 1949. Aðrir frestir samkvæmt reglugerð nr. 91 20. júlí 1948 færast aftur um jafnlangan tíma, að því er þessa álagningu í Reykjavík varðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 128 29. des. 1947, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 20. janúar 1949.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Árnes- og Rangárvallasýslur, nr. 53 1. apríl 1948.

10
20. jan.

Stafliðir A. og C. í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.25 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki fellur undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 6.00 á ári á m² gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólf-fleli í húðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af m².
3. Þar sem aðstæður leyfa, að dómi rafmagnsveitustjóra, að komið verði upp útlýsingarkerfi, er heimilt að selja rafmagn til útlýsingar á 45 aura hverja kwst., enda hafi uppsetning kerfisins verið kostuð af notanda og endurnýjun ljóskúlna sé einnig kostuð af honum.

C. Rafmagn til véla.

1. Um kwst.mæli á 65 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 130.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja rafmagn til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur.

2. Um kwst.mæli á 10 aura hver kwst., auk fastagjalds af samanlögðu ástimpluðu rafvélaafli, sem hér segir:

225 kr. á árskw.	fyrir fyrstu 30 kw.
185 — — — —	næstu 70 —
135 — — — —	umfr. 100 —